

Lúðvík Júlíusson  
Hraunbær 58  
110 Reykjavík

Alþingi - nefndasvið  
b.t. Allsherjar- og menntamálanefndar  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Reykjavík, 6. nóvember 2023

**Efni: Umsögn um þingsályktun 95. mál, 154. löggjafarþing. Skipun starfshóps um rétt til að annast veikt eða slasað barn.**

Fyrir Alþingi liggur tillaga að þingsályktun um skipun starfshóps um rétt til að annast veikt eða slasað barn.

Ég vil fagna því að áhugi sé fyrir því að bæta stöðu barna og foreldra þeirra. Að nokkru þarf þó að huga.

Í þingsályktuninni eru hugtökin „foreldrar“ eða „forsjáraðilar“ ekki skilgreint. Hugtökin geta átt við mjög fjölbreyttan hóp fólks. Þessum hópi tilheyra einstæðir foreldrar, forsjárlausir foreldrar, fráskildir foreldrar með sameiginlega forsjá, einstæðir foreldrar sem hafa misst maka, foreldrar sem eru í sambúð, fráskildir foreldrar í sambúð, stjúeforeldrar o.s.fr.v. Þetta er mjög fjölbreyttur hópur fólks og nauðsynlegt að skilgreina hann vel í umfjöllun. Óljós notkun hugtaka getur verið villandi og orðið til þess að hópur barna og foreldra missi réttindi eða njóti ekki réttinda sem lög eiga að veita.

Það er mikilvægt að við umönnun barna sé litið til þess að báðir foreldrar geti og hafi möguleika á að annast barnið. Í dag fara réttindi vegna veikinda barna til tveggja foreldra og inn á tvö heimili ef foreldrar búa ekki saman.

Fjölskyldur eru mun fjölbreyttari nú en fyrir 50 árum. Barn á oftast tvo foreldra á lífi og annast þeir barnið í sameiningu, jafnvel eftir skilnað. Séu foreldrarnir komnir með maka, þá taka stjúeforeldrar barnsins einnig þátt í að annast barnið. Eitt barn gæti því átt fjórfaldan fjölda veikindadaga miðað við barn ekkju/ekkilis.

Ef barn býr hjá einstæðu foreldri þá gæti hitt foreldrið verið komið með nýjan maka. Það er óeðlilegt að veikindadagar barnsins, eða réttindi, flytjist frá þeim til einstæða foreldrisins. Það gæti gerst ef veikindadagar verða bundnir barninu en ekki foreldrum. Það samræmist ekki sjónarmiðum um jafnrétti, um 3. vaktina, um aukna þátttöku feðra o.s.fr.v.

Í greinargerðinni stendur:

*“Aftur á móti sé ekki tekið tillit til fjölda barna starfsmanns við ákvörðun á fjölda þessara daga og því kunni að skapast misræmi milli til að mynda einbirtis tveggja foreldra á vinnumarkaði og þriggja barna einstæðs foreldris.”*

Ef barn á tvo foreldra þá hafa þau saman 40 veikindadaga. Ef einstætt foreldri á 3 börn með þremur einstaklingum sem allir hafa eignast nýja maka þá hefur hvert barn 47 veikindadaga, eða 7 dögum meira en foreldrar sem búa saman.

Of oft gerist það að fólk heldur að einstæðir foreldrar standi einir að uppeldi barna. Það er rangt. „Hugtakið“ einstætt þýðir aðeins að viðkomandi foreldri er hvorki gift né í sambúð. Það segir ekkert

um umönnunarbyrði viðkomandi foreldris. Í greinargerð með frumvarpinu kemur þessi leiðinda misskilningur því miður fram.

Veikindadagar og ábyrgð foreldra er mun flóknara en lýst er í frumvarpi og þessari þingsályktunartillögu.

Hugmyndir um að tengja veikindadaga og réttindi við barnið og flytja byrgðar og ábyrgð frá öðru foreldrinu (oftast körlum) og yfir á herðar einstæðs foreldris (oftast kvenna) samræmast augljóslega ekki kröfum sem settar voru fram í Kvennaverkfallinu 26. október 2023.

Þeir hópar sem þingsályktunartillagan leggur til að eigi sæti í hópnum hafa ekki þá þekkingu og yfirsýn sem þarf til að starfshópurinn nái markmiðum sínum. Til þess að gæta hagsmuna fjölbreytts hóps foreldra og barna þá legg ég til að í starfshópin bætist við fulltrúar frá Félagi um foreldrajafnrétti og frá Kvenréttindafélagi Íslands. Ég er einnig tilbúinn að taka sæti hópnum eða veita honum ráðgjöf verði leitað eftir því.

Mikilvægt er að staða barna sé kortlögð, að réttindi foreldra til umönnunar barna sinna verði ekki skert, að gætt sé að jafnrétti, að umönnunarbyrði færist ekki frá körlum til kvenna og að foreldrar geti skipt með sér álagi af umönnun veikra og slasaðra barna.

Virðingarfyllt,

Lúðvík Júlíusson